

Dags eftirlits	4.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Valgeirsson	Staðsetning	733858,42 539323,093

Niðurstaða eftirlits

Engin frávik frá kröfum starfsleyfis komu fram í eftirlitinu en tvær ábendingar voru settar fram um að bæta þurfi skráningar í rekstrarhandbók og að öryggisblöð þurfa að vera á aðgengilegum stað og ávallt til taks í stöðinni.

Umfang eftirlits

Eftirlitið fór fram með vísan í 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Um er að ræða olíubirgðastöð Olíudreifingar að Hafnargötu 57, Seyðisfirði. Stöðin hefur leyfi til að geyma allt að 2.300m³ af olíu í stöðinni og þar af olíu í stærsta geymi allt að 1.290m³ í stöðinni er einnig heimil móttaka á allt að 100 tonnum af úrgangsolíu á ári og í því sambandi er heimilt að tappa vatnsfasa undan úrgangsolíugeymi. Starfsleyfið gildir til 31. janúar 2034.

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því. Engin frávik komu fram við síðasta eftirlit árið 2020 og engin ábending sett fram. Engar breytingar hafa orðið á rekstrinum frá síðasta eftirliti en umfang stöðvarinnar hefur minnkað með minni olíunotkun fiskimjolsverksmiðjunnar, sem stöðin þjónustar. Meira magn af olíu er flutt með bílum frá birgðastöðinni á Reyðarfirði og beint til stærri viðskiptavina.

Áhættumat 2023 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, fylgdi fundarboði eftirlits og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

Þrír geymar eru í stöðinni og ein lekaheld þró um þá alla. Geymir merktur 710.03.00 stendur tómur og er ekki í notkun. Minnt er á að þykktarmæla þarf geyminn nú í ár, eða áður en olía verður sett aftur á geyminn. Aðrir geymar hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum og ekki gerðar ábendingar þar um. Fjórar lagnir eru í stöðinni og voru þær allar þrýstiprófaðar árið 2022 og ekki gerðar ábendingar varðandi áframhaldandi notkun. Olíuskiljan er þjónustuð reglulega. Olíupróf með Macherey-Nagel strimlum var gert á frárennsli úr olíuskilju í eftirlitinu og kom engin olía fram á því. Loki í þró var lokaður þegar komið var í eftirlit og stóð mikið vatn þróni eftir miklar rigningar síðustu vikur.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð í starfsstöðinni og ábending sett fram um að bæta þurfi skráningarnar og þá sérstaklega varðandi mælingar og þjónustu við olíuskilju.

Allar áætlanir sem skulu vera til staðar skv. starfsleyfi, voru uppfærðar og aðgengilegar í stöðinni, ýmist inni í rafrænum gagnagrunni eða útprentaðar í möppu. Teikningar af stöðinni voru sýnilegar uppi á vegg og starfsleyfið til staðar. Bent var á að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Þjálfunarnámsskeið eru haldin reglulega fyrir starfsmenn birgðastöðva og skýrar verklagsreglur og námsefni er í

starfsmannahandbók sem aðgengileg er öllum starfsmönnum á rafrænum grunni rekstraraðila.

Enginn almennur úrgangur fellur til í stöðinni, enda enginn starfsmaður með fasta viðveru og umsvif lítil. Olíublautar tuskur og önnur spilliefni sem til falla eru tekin með olíubílunum frá stöðinni.

Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna bráðamengunar hafs og stranda liggur fyrir og uppfært tryggingaskírteini fyrir tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda skv. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda hefur verið sent til eftirlitsaðila.

Gengið var um stöðina og olíuheld þró skoðuð. Engar ábendingar eru settar fram þar um. Stöðin er snyrtileg á að líta og vel við haldið. Girðingar voru í lagi og hlið stóð læst þegar að var komið.

Ábendingar

Ábending er sett fram um að bæta þurfi skráningar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar og þá sérstaklega mælingar og þjónustu við olíuskilju.


Einnig var sett fram ábending um að færa öryggisblöð efna úr rekstrarmöppu yfir í aðgengilegt form þannig að auðvelt sé að grípa með til viðbragðsaðila í bráðatilvikum, t.d. í plastvasa á vegg eða sér möppu.

Annað

Engar kvartanir hafa borist, hvorki rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti og engin mengunaróhöpp hafa orðið frá síðasta eftirliti.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölin. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Reykjavík, 09.11.2023



Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta